

**Samningur**  
**Alþýðusambands Íslands**  
**og**  
**Vinnuveitendasambands Íslands**  
**um lífeyrissmál**

Með almennum kjarasamningum þann 19.maí 1969 náðist samkomulag um skyldu launagreiðenda til að tryggja starfsmönnum lífeyrisrétt við stafslök vegna elli og örorku og eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri eftir nánari reglum, enda greiddu starfsmenn hluta kostnaðar með eigin framlagi. Í stað þess að einstakir launagreiðendur ábyrgðust réttindi og ávöxtuðu iðgjaldagreiðslur sjálfir í eigin rekstri líkt og gerist hjá ríki, sveitarfélögum og fjármálastofnunum varð um það samkomulag að stofna og starfrækja lífeyrissjóði á stéttarfélagsgrundvelli enda væru þeir betur til þess fallnir að tryggja lífeyrisréttindi af öryggi en einstök fyrirtæki eða lífeyrissjóðir þeirra. Samningsaðilar voru sammála um að iðgjöld yrðu ávöxtuð í söfnunarlífeyrissjóðum svo þau fengju í fyllingu tímans staðið undir lífeyrisskuldbindingum vegna félagsmanna.

Til að tryggja öllum launamönnum lágmarksrétt var kveðið á um skylduaðild félagsmanna hlutaðeigandi verkalýðsfélaga að umræddum lífeyrissjóðum. Sama skyldi eiga við um lífeyrissjóði sem áður hafði verið komið á fót í tengslum við samninga einstakra verkalýðsfélaga og atvinnurekenda. Einstakir sjóðir skyldu veita öllum sjóðfélögum sama rétt fyrir sömu iðgjöld, án tillits til aldurs við iðgjaldagreiðslu, kynferðis eða starfs. Sjóðirnir skyldu starfa á félagslegum grunni samtryggingar og var ætlað að byggja á og treysta grundvallarforsendur almannatrygginga á Íslandi, en á því var mikil þörf. Samtök atvinnurekenda og launþega skuldbundu sig í sameiningu til gæslu og ábyrgðar á rekstri sjóðanna sem með kjarasamningi aðila fengu stöðu sjálfseignarstofnana á forræði þeirra.

Grundvallarsamkomulagi aðila vinnumarkaðarins var í reynd veitt lagagildi með löggjöf um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, en það hefur jafnan verið framlengt við endurnýjun almennra kjarasamninga og skoðast hluti þeirra.

Starfsemi sjóðanna hefur verið í stöðugri endurskoðun allt frá stofnun þeirra og hefur rekstur þeirra og staða farið mjög batnandi síðustu árin. Þeir bera þess þó enn merki að hluti eigna þeirra brann upp í óðaverðbólgu áður en verðtrygging var heimil en þorri þeirra á nú vel fyrir áunnum skuldbindingum vegna sjóðfélaga.

Skyldutrygging í lífeyrissjóðum gerir kröfu til þess að engum manni verði skv. ákvæðum kjarasamninga gert að greiða iðgjöld til lífeyrissjóðs sem kann að vera ófær um að standa við loforð um lífeyrisgreiðslur síðar meir. Samningsaðilar hafa því orðið ásáttir um nauðsyn þess að setja skýrari reglur um uppbyggingu, starfshætti og lágmarkskröfur sem gera verður til lífeyrissjóða sem taka vilja við iðgjöldum skv. skyldutryggingarákvæðum kjarasamninga. Endurskoðun grundvallarsamkomulagsins miðar að þessu, enda líta samtökin á það sem skyldu sína að halda áfram sameiginlegum rekstri lífeyrissjóða með sjóðsöfnun og samtryggingu, að tryggja sjálfstæði þeirra og að þeir geti staðið við fyrirheit þegar kemur að greiðslu lífeyriskrafna þeirra sem tryggðir eru í sjóðunum. Aðeins þannig verður tryggt að starfsmanna biði örugg lífeyrisréttindi við stafslök.

Á grundvelli kjarasamninga aðila frá 1969 um stofnun og starfrækslu lífeyrissjóða hafa aðilar orðið ásáttir um að setja skýrari reglur um málefni sjóðanna, rekstur þeirra,

réttindi og skyldur eins og nánar er greint frá í samkomulagi þessu sem er endurnýjun og viðauki við fyrrgreinda kjarasamninga um stofnun og starfrækslu sjóðanna:

## **1. grein**

### **Skyldutrygging lífeyrisréttinda**

Samningsaðilar ítreka samkomulag um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, sem innt er af hendi með greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóða, sem starfa á samtryggingargrundvelli og veita viðtæka tryggingarvernd, að lágmarki skv. ákvæðum 2. greinar samnings þessa um lágmarkstryggingar. Aðilar eru sammála um að standa áfram að rekstri lífeyrissjóðakerfis á starfstengdum grunni, þannig að tryggingarskylda sé innt af hendi samkvæmt reglugerðum einstakra sjóða sem uppfylla ákvæði samnings þessa og vísað er til í kjarasamningi viðkomandi félaga um sjóðsaðild. Iðgjaldagreiðslur og lífeyrisréttindi eru þannig hluti umsaminna kjara og viðfangsefni kjarasamninga hverju sinni. Með starfstengdum lífeyrissjóðum er átt við að skylt sé að tryggja starfsmönnum lífeyrisréttindi hjá þeim lífeyrissjóði, sem ábyrgð ber á lífeyristryggingum viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps.

## **2. grein**

### **Lágmarksréttindi - reiknigrunnur**

Lífeyrissjóðir sem starfa á grundvelli þessa samkomulags skulu tryggja hverjum sjóðfélaga rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris gegn greiðslu samningsbundins iðgjalds. Kveða skal nánar á um það hvernig menn ávinni sér þennan rétt og efni þessara réttinda í reglugerð einstakra lífeyrissjóða, svo og um skilyrði fyrir breytingum á ákvæðum reglugerða um einstakar lífeyristegundir. Réttindi skv. reglugerðum einstakra sjóða mega þó ekki vera lakari en þau lágmarksréttindi sem kveðið er á um í þessari grein.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksárs skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans. Stig hvers árs skulu reiknuð þannig að deilt skal í tíðöld iðgjöld sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga með grundvallarfjárhæð ársins. Miðað skal við viðurkennda grundvallarfjárhæð viðkomandi lífeyrissjóðs, eins og hún var 1. september 1995, og skal hún taka hækkunum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Lágmarksreglur um lífeyrisréttindi eru sem hér segir:

#### **Ellilífeyrir:**

Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 67 ára að aldri á rétt á ellilífeyri frá sjóðnum. Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er 1.dag hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér fram að töku lífeyris, margfölduðum með stuðlinum 1,4 að lágmarki.

Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku lífeyris, enda taki lífeyrisréttur hans hækkunum, sem frestuninni nemur. Á sama hátt er sjóði heimilt að hafa í reglugerð sinni ákvæði um

heimild til þess að flýta töku lífeyris og skulu þá réttindi viðkomandi sjóðfélaga lækka, sem því nemur.

Berist iðgjöld til sjóðsins vegna sjóðfélaga, sem orðinn er 70 ára skal endurgreiða þau iðgjöld. Jafnframt er heimilt að hafa í reglugerðum ákvæði þess efnis að endurgreiða skuli iðgjaldahluta sjóðfélaga, sem hafið hefur töku ellilífeyris, enda þótt hann hafi ekki náð 70 ára aldri.

### **Örorkulífeyrir.**

Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum, enda hafi hann:

- a) greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0.5 stig hvert þessara þriggja ára,
- b) greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á síðasta 12 mánaða tímabili,
- c) orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir sem hann kann að eiga rétt á vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum orkutapsins.

Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og álitu trúnaðarlæknis sjóðsins eða tryggingayfirlæknis. Örorku skal endurmeta með reglubundnum hætti, þannig að fyrstu þrjú árin sé tekið mið af því starfi, sem viðkomandi gegndi við orkutapið, en eftir það skal tekið mið af almennri starfsgetu. Heimilt er að kveða á um skyldu sjóðfélaga til að fara í endurhæfingu, sem forsendu fyrir örorkulífeyrisgreiðslum.

Þegar skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma er uppfyllt skal hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, margfaldað með 1,4 sbr. þó ákvæði um 30 bestu árin. Við framreikning skal miða við meðaltal stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Nemi slíkt árlegt meðaltal meira en tveimur stigum, skal reikna með meðaltalinu í allt að tíu ár. Eftir það skal til 67 ára aldurs reiknað með tveimur stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga, sem umfram eru. Heimilt er að kveða svo á í reglugerð að stytta megi framreikningstíma hafi iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga verið svo stopular, að þær hafi fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári, fleiri en eitt almanaksár eftir að sjóðfélagi náði 25 ára aldri, og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum. Skal þá framreikningstími stytur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árleg stig hafa verið undir 0,5 stigum og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri til orkutaps. Sama gildir, ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða. Ef rekja má orkutap til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna, skal ekki reikna réttindi vegna ókomins tíma.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið og greiðist ekki fyrir fyrstu þrjú mánuðina eftir orkutap.

Heimilt er að hafa ákvæði í reglugerðum þess efnis að réttur til örorkulífeyris vegna sjóðfélaga, sem ekki er greiðandi til sjóðsins, en á geymd réttindi í sjóðnum, stofnist ekki nema réttindi hans nemi a.m.k. 2 stigum.

Örorkulífeyrir fellur niður eða lækkar til þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Á sama hátt hækkar örorkulífeyririnn, ef örorkan vex.

Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

### **Makalífeyrir**

Við andlát sjóðfélaga, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðunum eða hafði greitt til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, á eftirlifandi maki að lágmarki rétt til lífeyris skv. eftirfarandi:

Fullur makalífeyrir skal alltaf að lágmarki til greiddur í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.

Ef hinn látni lætur eftir sig barn skal makalífeyrir greiddur að lágmarki þar til yngsta barn sjóðfélaga er 18 ára og á framfæri maka.

Makalífeyrir skal greiddur ótímabundið ef maki sjóðfélaga hefur orðið fyrir 50% orkutapi eða meira, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára.

Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður skv. framreikningsreglum margfölduðum með 0,70.

Ekkja eða ekkill samkvæmt þessari grein telst ekki sá eða sú sem var í hjúskap eða sambúð sem öldungis mátti jafna til hjúskapar við andlátið, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlátið. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef siðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

### **Barnalífeyrir**

Við andlát sjóðfélaga, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðs eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, eiga börn hans, kjörbörn, fósturbörn og stjúpborn er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Réttur barna örorkulífeyrisþega til barnalífeyris tekur til barna sem fædd eru fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir.

Barnalífeyrir með hverju barni örorkulífeyrisþega skal vera að lágmarki kr. 5.500 og kr. 7.500 með hverju barni makalífeyrisþega, fyrir hvern almanaksmánuð og breytist í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig. Fullur barnalífeyrir greiðist, ef árleg stig, áætluð miðað við framreikningsreglur ná a.m.k. 1 stigi. Séu áætluð stig færri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður, ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.

Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

### **Önnur ákvæði:**

Bæði lífeyrisréttindi og lífeyrir skulu að fullu verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs.

Öll áunnin stig sjóðfélaga skulu reiknuð að fullu við úrskurð lífeyris.

Við framreikning réttinda skal reikna að fullu 30 bestu ár sjóðfélagans en að hálfu þau sem umfram eru.

Réttur til lífeyris skal reiknast frá þeim tíma sem iðgjald berst lífeyrissjóði. Iðgjöld launamanns, sem launagreiðandi hefur sannanlega innheimt en ekki staðið skil á, svo og mótfamlag hans, skal samt sem áður meta að fullu til réttinda frá gjalddaga iðgjaldagreiðslu.

Óheimilt er að kveða svo á í reglugerð lífeyrissjóðs, að áunnin réttindi skerðist eða falli niður, ef sjóðfélagi hættir iðgjaldagreiðslum til sjóðsins. Falli iðgjaldagreiðslur til sjóðs niður, og ástæðuna má ekki rekja til veikinda eða atvinnuleysis telst viðkomandi ekki lengur til virkra sjóðfélaga. Réttur til lífeyris fellur þó ekki niður, en miðast einungis við áunnin geymd stig.

Ekki skal skipta máli, hvort menn eigi réttindi í einum eða fleiri lífeyrissjóðum og hvorki skulu menn glata réttindum né öðlast meiri rétt vegna þess að iðgjaldagreiðslur þeirra skiptast milli tveggja eða fleiri lífeyrissjóða, sem falla undir samkomulag þetta. Að öðru leyti skal farið með réttindi manna í fleirum en einum sjóði í samræmi við samkomulag um samskipti lífeyrissjóða.

Þar sem vísað er til stiga í framangreindum reglum um lágmarksákvæði, er átt við stig, sem þannig eru reiknuð að iðgjöld sem greidd voru á árinu 1995 að upphæð kr. 58.418 gefa 1 stig og framreiknast miðað breytingar á vísitölu neysluverð. Þeir sjóðir, sem hafa annan stigaútreikning skulu miða þessi ákvæði við stigafjölda sem sambærileg iðgjöld myndu gefa skv. þeirra reglugerðum.

Stjórn sjóðs er óheimilt að veita lífeyrisréttindi eða greiða lífeyri, sem eru umfram ákvæði í reglugerð viðkomandi sjóðs.

Við ákvörðun um það hvort ákvæði í reglugerð sjóðs uppfylla þau lágmarksréttindi sem kveðið er á um í samningi þessum skal meta heildstætt réttindi (kostnað við réttindin) í hverri og einni lífeyristegund. Skal við slíkt mat gengið út frá reglum um tryggingafræðilegar úttektir.

## **3. grein**

### **Eignir og skuldbindingar**

Lífeyrissjóðir, sem samningsaðilar standa að, ábyrgjast skuldbindingar með eignum sínum og bera sjóðfélagar og launagreiðendur ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna umfram það sem felst í greiðslu iðgjalda til þeirra. Til þess að lífeyrissjóði sé heimilt að taka við iðgjöldum vegna tryggingarskyldu skal hann vera gjaldhæfur. Sjóður telst vera gjaldhæfur ef eignir hans eru a.m.k. jafnháar verðmæti lífeyrisskuldbindinga. Með eignum er átt við hreina eign ásamt verðmæti framtíðariðgjalda. Með

lífeyrisskuldbindingum er átt við þegar áunninn lífeyrisréttindi ásamt verðmæti framtíðarskuldbindinga. Hvort tveggja metið miðað við þá reiknivexti sem samkomulag þetta segir til um, sbr. 12. grein. Við það skal miðað að aðeins þeir sjóðir, sem teljast gjaldhæfir fái leyfi til viðtöku iðgjalda til að uppfylla tryggingarskyldu skv. lögum og kjarasamningum.

#### **4. grein**

##### **Tryggingarfræðileg úttekt**

Stjórn lífeyrissjóðs skal láta fara fram tryggingarfræðilega úttekt á fjárhag sjóðsins árlega og skal niðurstaða úttektarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Tryggingarfræðilega úttektin skal framkvæmd eftir ákvæðum 12. greinar og skal úttektin miða við samræmdan reikningrunn lífeyrissjóða sbr. ákvæði 2. greinar samnings þessa. Auk þess skal við úttektina gerð grein fyrir kostnaði vegna réttinda, sem sjóðurinn kann að veita umfram reiknigrunninn (lágmarkið) og áhrif þeirra á gjaldhæfi sjóðsins.

#### **5. grein**

##### **Sjóðir sem ekki uppfylla gjaldhæfiskröfur**

Nú leiðir tryggingarfræðileg úttekt á sjóði í ljós að hann uppfyllir ekki ákvæði 3. gr. samnings þessa og ekki eru horfur á að breyting verði til batnaðar á næstu þremur árum og telst sjóðurinn þá ekki gjaldhæfur. Skal þá fara með málefni sjóðsins sem hér segir:

- Stjórn viðkomandi sjóðs skal leggja fram tillögur á ársfundi um breytingu á reglugerð sjóðsins ef svigrúm er til að færa réttindi að eignum og tekjum að gættum ákvæða 2. gr. um lágmarksréttindi.
- Nú uppfyllir sjóður ekki gjaldhæfiskröfur m.v. lágmarksréttindi skv. samningi þessum og ber þá sjóðsstjórn að leita samkomulags við annan lífeyrissjóð eða sjóði sem starfa skv. samningi þessum um sameiningu. Þá ber sjóðstjórn að boða til ársfundar og leggja þar fram tillögu um sameiningu við annan lífeyrissjóð eða lokun sjóðsins og þá jafnframt tillögu um það hjá hvaða lífeyrissjóði, sem starfar samkvæmt samkomulagi þessu, tryggja beri sjóðfélögum lífeyrisrétt. Um afgreiðslu tillögu fer þá eins og um tillögu að reglugerðarbreytingu.
- Ef stjórn sjóðsins eða ársfundur sinnir ekki skyldum sínum skv. framanskráðu skal eftirlitsaðili lífeyrissjóða hlutast til um að gripið sé til viðhlítandi ráðstafana til að tryggja hagsmuni sjóðfélaga. Skal hann að undangenginni áskorun til sjóðstjórnar um úrbætur yfirtaka rekstur sjóðsins og skipa honum skilanefnd. Skilanefnd skal boða til framhaldsársfundar innan sex mánaða frá síðasta ársfundi og leggja fram tillögu um sameiningu við annan samtryggingarsjóð eða lokun sjóðsins. Jafnframt ber að leggja fram tillögu um það til hvaða lífeyrissjóðs eða sjóða sem starfa skv. samkomulagi þessu sjóðfélagar skuli greiða.

## 6. grein

### Iðgjöld, innheimta og meðferð vanskila

Iðgjöld til lífeyrissjóða skulu nema 10% af öllum launatekjum starfsmanna, 16 til 70 ára, hverju nafni sem þau nefnast. Iðgjöld skal gera upp mánaðarlega og er gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar 10. dagur næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal innheimta vanskilavexti frá gjalddaga til greiðsludags.

Senda skal sjóðfélögum a.m.k. tvisvar á ári yfirlit yfir greidd iðgjöld þeirra vegna. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki, sem þau fást greidd.

Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðanda. Heimilt er lífeyrissjóði að byggja innheimtuaðgerðir á áætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutaðeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilagreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil.

Allar innborganir launagreiðanda, hvort heldur þær berast með nýrri skilagrein eða öðrum hætti, ráðstafast til greiðslu elstu ógreiddu iðgjalda og vanskilavaxta viðkomandi launagreiðanda. Stjórn sjóðs er þó heimilt að vikja frá þessari reglu í þeim tilfellum þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað, sbr. meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðanda. Skilagrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.

## 7. grein

### A. Ársfundir lífeyrissjóða

Fyrir júnílok ár hvert skal stjórn lífeyrissjóðs boða til ársfundar sjóðsins og hefur hann æðsta vald í málefnum lífeyrissjóðsins, sé ekki annað ákveðið í samningi þessum eða reglugerð einstakra sjóða. Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.

Ársfund skal boða skriflega með tilkynningu til allra aðildarfélaga sjóðsins með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Jafnframt skal auglýsa fundinn tryggilega.

Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaganna sem að sjóðnum standa og samtaka atvinnurekenda, fara með atkvæði á fundum í umboði aðildarsamtakanna og í samræmi við samþykktir þeirra þar um. Fulltrúar stéttarfélaganna skulu valdir eftir þeim reglum sem þau stéttarfélög sem aðild eiga að viðkomandi sjóði koma sér saman um. Fulltrúar samtaka atvinnurekenda skulu valdir eftir þeim reglum sem Vinnuveitendasamband Íslands setur, enda sé ekki samkomulag um aðra skipan í einstökum lífeyrissjóðum sem samningur þessi tekur til. Um fjölda fulltrúa í fulltrúaráði skal að öðru leyti kveða á um í reglugerð viðkomandi lífeyrissjóðs, en fulltrúar

stéttarfélagi og samtaka atvinnurekenda skulu fara með jafnan fjölda atkvæða á ársfundum og öðrum fundum lífeyrissjóða án tillits til fjölda fulltrúa á fundum.

Við atkvæðagreiðslur ræður afl atkvæða nema öðru vísi sé ákveðið í samningi þessum eða í reglugerð, en heimilt er þó að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarfélagi greiði atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins, svo að samþykkt sé lögmæt.

Á ársfundi skal taka fyrir:

- skýrslu stjórnar
- kynningu og afgreiðslu ársreikninga
- tryggingarfræðilega úttekt
- fjárfestingarstefnu sjóðsins
- tilkynningu um kosningu stjórnar og skoðunarmanna skv. reglum viðkomandi sjóðs
- tillögur um breytingar á reglugerð, þegar þær liggja fyrir
- laun stjórnar- og skoðunarmanna
- önnur mál

## **B. Stjórn og framkvæmdastjóri**

Stjórnir lífeyrissjóða skulu skipaðar fulltrúum stéttarfélagi og samtaka atvinnurekenda að jöfnu og skulu þeir tilnefndir til 2ja ára í senn, í samræmi við ákvæði reglugerðar viðkomandi sjóðs. Fulltrúar stéttarfélagi skulu tilnefndir eftir þeim reglum sem þau stéttarfélög sem aðild eiga að viðkomandi sjóði koma sér saman um, en fulltrúar samtaka atvinnurekenda eru tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands. Þar sem samkomulag er með samtökum atvinnurekenda um aðra skipan stjórnar breyta framangreind ákvæði því ekki.

Stjórnarmenn í lífeyrissjóðum skulu vera búsettir hér á landi, hafa náð tuttugu ára aldri, hafa óflekkað mannorð og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkum Evrópska efnahagssvæðisins, eru þó undanþegnir þessu búsetuskilyrði.

Stjórnir lífeyrissjóða skipta sjálfar með sér verkum, þó þannig að fulltrúar atvinnurekenda og stéttarfélagi hafi á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Stjórnir lífeyrissjóða skulu setja sér starfsreglur og skal halda gerðarbók, þar sem skráð skal það sem gerist á stjórnarfundum og skal hún undirrituð af þeim sem fundinn sitja.

Stjórn lífeyrissjóðs fer með málefni hans og skal annast um að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi, og tekur stefnumarkandi ákvarðanir er varða hag og starfsemi sjóðsins. Hún skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.

Stjórnir lífeyrissjóða skulu ráða framkvæmdastjóra, ákveða laun hans og starfskjör, svo og veita honum laun ef ástæða þykir til. Stjórn sjóðs veitir framkvæmdastjóra, svo

og öðrum starfsmönnum ef hentugt þykir, prókúruumboð. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í viðkomandi sjóði.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins.

Daglegur rekstur sjóðsins tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slikar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn sjóðsins, nema ekki sé unnt að biða ákvarðana hennar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi sjóðsins. Í slíkum tilvikum skal stjórn sjóðsins tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna sjóðsins sé með tryggilegum hætti.

Framkvæmdastjóra ber að veita stjórn sjóðsins og endurskoðendum allar upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins, sem þeir óska.

Stjórnarmaður lífeyrissjóðs eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Um hæfi til meðferðar einstakra mála fer að öðru leyti eftir megin reglum stjórnsýslulaga. Skylt er þeim, sem hlut á, að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfi skv. framansögðu.

Stjórn lífeyrissjóðs, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.

Stjórnarformaður, og framkvæmdastjóri sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins né heldur áhættufjármagnsfyrirtækjum sem sjóðurinn á hlut í. Ef stjórnarmaður í viðkomandi lífeyrissjóði er jafnframt stjórnarmaður í fyrirtæki sem sjóðurinn á verulegan hlut í, getur sá hinn sami ekki gegnt stjórnarformennsku í viðkomandi lífeyrissjóði.

## **8.grein**

### **Ávöxtun á fé lífeyrissjóða**

Stjórn lífeyrissjóðs skal sjá um ávöxtun fjár hans. Er stjórninni skylt að ávaxta féð með hliðsjón af þeim kjörum, sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins.

Heimilt er að ávaxta fjármuni lífeyrissjóða í:

- ríkisskuldabréfum og skuldabréfum með ríkisábyrgð.
- skuldabréfum bæjarfélaga, enda séu heildarskuldir og ábyrgðir viðkomandi bæjarfélaga innan viðurkenndra marka að mati sjóðsstjórnar.

- skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum sem er innan við 50% af fasteignamati. Stjórn sjóðs er heimilt að víkja frá þessu mati ef markaðsverð eignar gefur tilefni til þess.
- innlánnum banka og sparisjóða
- skuldabréfum banka, sparisjóða og lánasjóða með trausta eiginfjárstöðu.
- skuldabréfum fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða afkomu enda séu bréfin skráð á verðbréfaþingi.
- í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sem skráðir eru á opinberu verðbréfaþingi.
- í hlutabréfum fyrirtækja, enda séu bréfin skráð á opinberum verðbréfamarkaði, þó að hámarki 50% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. A.m.k. 85% þeirra fjármuna sem bundnir eru í hlutabréfum skulu vera í félögum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands. Allt að 15% þeirra þessar fjármuna geta verið bundin í hlutabréfum félaga, sem ekki eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands, enda hafi þau hlutabréf skráð kaup- og sölugengi á opinberum markaði.
- í erlendum verðbréfum, enda séu bréfin skráð á opinberum verðbréfaþingum og keypt fyrir milligöngu viðurkenndra verðbréfamiðlara og jafnaði í skráðum verðbréfasjóðum til að dreifa áhættu og nýta sérþekkingu á því sviði. Þó er heimilt að kaupa í hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum, sem skráðir eru með sama hætti, án milligöngu verðbréfamiðlara.

Fjárfestingar lífeyrissjóða skulu miðast við heildarkröfur á hendur einum aðila fari ekki umfram 2,5% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Þó er heimilt að hafa fjórfalt þetta hlutfall í heildarskuldbindingum gagnvart bönkum. Þetta á þó ekki við um skuldbindingar með ríkisábyrgð. Við það skal miðað að sem stærstur hluti af verðbréfum lífeyrissjóða hafi þekkt markaðsverð og sé skráður á verðbréfaþingi.

Stjórn lífeyrissjóðs skal móta fjárfestingarstefnu þar sem sett eru viðmið um að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum ofantalinna eignaforma. Þar skal enn fremur koma fram markmið m.a. um dreifingu eigna, tímallengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika og aðrar þær viðmiðanir sem stjórn sjóðs telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins.

Á ársfundi lífeyrissjóðs skal stjórn leggja fram fjárfestingarstefnu og gera grein fyrir breytingum frá fyrra ári, svo og leggja fram fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár.

## 9. grein

### Upplýsingaskylda lífeyrissjóða

Lífeyrissjóðum er skylt að senda sjóðfélögum yfirlit um stöðu þeirra gagnvart sjóðnum - sjóðfélagayfirlit - a.m.k. tvisvar á ári. Árlega skal fylgja yfirlitum greinargerð um helstu niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar og rekstrar. Jafnframt skulu sjóðirnir birta helstu niðurstöður úr starfsemi sinni einu sinni á ári í dagblöðum, eða á annan skilmerkilegan hátt, sem tryggji að sjóðfélagar og almenningur eigi greiðan aðgang að þessum upplýsingum. Þar skal kynna helstu niðurstöður úr rekstri og efnahag, niðurstöður úr tryggingafræðilegri úttekt, hver skipting lífeyrisgreiðslna er milli einstakra lífeyristegunda, hvers konar lífeyri sjóðurinn greiðir, hver

eignasamsetning og fjárfestingarstefna sjóðsins er, hrein raunávöxtun sjóðsins á sl. ári og meðaltal sl. 5 ára, kostnaðarhlutfall sjóðsins mv. iðgjöld og eignir, lífeyrisbyrði sjóðsins, starfsmannafjöldi hjá sjóðnum, hverjir skipa stjórn sjóðsins og hver er framkvæmdastjóri hans.

## 10. grein

### Breytingar á reglugerðum sjóða

Tillögur um breytingar á reglugerðum lífeyrissjóða skulu lagðar fram og sérstaklega kynntar öllum aðildarsamtökum hlutaðeigandi lífeyrissjóðs fullum tveimur mánuðum fyrir ársfund sjóðsins. Miði tillaga að aukningu réttinda eða breytingum á fjárfestingarstefnu sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal fylgja tryggingarfræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingartillögu, sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lánmarkskröfum skv. samningi þessum, skal vísa frá aðalfundi. Tillaga um breytingu sem kynnt hefur verið með framangreindum hætti skal þannig borin upp til afgreiðslu á ársfundi lífeyrissjóðsins og telst hún samþykkt ef hún hlýtur 2/3 hluta atkvæða í fulltrúaráði viðkomandi sjóðs eða í hvorum hluta þess sé þess óskað.

Tillögur að breytingum á ákvæðum sem teljast efni kjarasamninga, s.s. um iðgjöld og stjórnskipan sjóðanna, þ.m.t. ákvæði um hlutverk og skipan fulltrúaráðs og stjórna, verða einungis teknar fyrir á ársfundi að fengnu samþykki aðildarfélaga viðkomandi lífeyrissjóðs.

Til að breyting á reglugerð öðlist endanlega gildi þarf enn fremur samþykki fjármálaráðuneytis.

## 11. grein

### Samræmdur staðall vegna reikningsskila

Samningsaðilar munu beita sér fyrir því, í samvinnu við reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda, að saminn verði samræmdur staðall fyrir reikningsskil lífeyrissjóða. Skal staðallinn taka til samræmdra reikningslykla fyrir lífeyrissjóði, samræmdra aðferða við mat á útistandandi iðgjöldum, bókun og virðingu eigna s.s. einstakra tegunda skulda- og hlutabréfa, erlendar eigna, varúðarafskrifta o.s.frv. Ennfremur skal, í samráði við eftirlitsaðila samnings þessa ganga frá skilgreiningu á flokkun verðbréfa þ.m.t. aðgreiningu á markaðsverðbréfum og öðrum verðbréfum.

Við það skal miðað að ársuppgjör vegna ársins 1996 geti farið eftir þessum samræmda staðli.

## 12. grein

### Samræmdar reglur um tryggingarfræðilegar úttektir

Samningsaðilar munu beita sér fyrir því, í samvinnu við Félag tryggingarstærðfræðinga, að samdar verði samræmdar reglur um tryggingarfræðilega úttekt á lífeyrissjóðum. Reglur þessar skulu taka til aðferða við núvirðingu eigna og forsendna við virðingu lífeyrisskuldbindinga, s.s. dánar- og lífslíkur, örorku- og

endurhæfingarlíkur, giftingar- og sambúðarlíkur, atvinnuþátttöku og atvinnutekjur, spá um þróun mannfjölda og eðlilega nýliðun sjóðfélaga. Í tryggingarfræðilegum úttektum skal miðað við að sjóðirnir nái 3,5% árlegri raunávöxtun umfram breytingar á vísitölu neysluverðs. Reglur þessar skulu vera tryggingarfræðilegur grundvöllur lífeyrissjóðakerfisins. Þessum grundvelli skal því aðeins breyta að báðir samningsaðilar samþykki slíka breytingu og að undangenginni umsögn Félags tryggingarstærðfræðinga.

### 13. grein

#### Eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða

Samkvæmt lögum um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða ber Bankaeftirliti Seðlabankans að hafa eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða, og m.a. setja reglur um gerð ársreikninga o.fl. Endurskoðendum lífeyrissjóða ber að fara eftir reglum Bankaeftirlits við endurskoðun og þá m.a. ganga úr skugga um að sjóðir starfi í samræmi við lög, reglur og samþykktir sjóðsins. Bankaeftirlitinu ber m.a. að ganga úr skugga um að sjóðir starfi í samræmi við ákvæði staðfesta reglugerða og verður því sjálfkrafa eftirlitsaðili með framkvæmd samnings þessa, þegar reglugerðum einstakra sjóða hefur verið breytt til samræmis við ákvæði hans. Skv. því skoðast Bankaeftirlit Seðlabankans eftirlitsaðili sjóðanna, en um veitingu og sviptingu starfsleyfis fer skv. ákvörðun fjármálaráðuneytis.

Með ákvæðum samnings þessa um lágmarksréttindi, kröfur um gjaldhæfni og tryggingarfræðilegar úttektir lífeyrissjóða ásamt reglum Bankaeftirlits Seðlabanka um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða hefur því verið fengið vald til að hlutast til um málefni sjóða sem ekki fullnægja lágmarkskröfum. Skv. því getur Bankaeftirlit og fjármálaráðuneyti, sem veitir sjóðunum starfsleyfi og staðfestir reglugerðir, afturkallað starfsleyfi lífeyrissjóðs sem ekki fullnægir ákvæðum samnings þessa, reglugerða eða laga, enda sé þá fylgt þeim reglum sem samningur, reglugerð og lög mæla fyrir um.

Samningsaðilar mun leita eftir samkomulagi við stjórnvöld um nánara fyrirkomulag eftirlits og setningu verklagsreglna þar um.

### 14. grein

#### Samræming lífeyrissjóðakerfisins og almannatryggingakerfisins

Samningsaðilar munu leita eftir samkomulagi við ríkisvaldið um samræmingu lífeyrisréttinda lífeyrissjóða og almannatrygginga, með það að markmiði að kerfin vinni saman sem ein samræmd lífeyrisheild. Skal í því sambandi farið yfir alla bótaflokka og mögulega verkaskiptingu milli almannatrygginga og lífeyrissjóða. Í þessu sambandi skulu sértaklega kannaðir möguleikar á því að gera ellilífeyrisréttindi að sameign hjóna.

### 15. grein

#### Bráðabirgðaákvæði

##### *Breytingar á reglugerðum starfandi lífeyrissjóða*

Samningsaðilar munu beita sér fyrir því að gerðar verði breytingar á reglugerðum starfandi lífeyrissjóða, þannig að þær falli sem best að samkomulagi þessu. M.a. skal taka það ákvæði upp í reglugerðum sjóðanna, að starfsemi þeirra falli undir samkomulag

þetta og að þeir lúti eftirliti því, sem getið er um í 13. gr. hér að framan. Lífeyrissjóðir sem taka við iðgjöldum skv. ákvæðum kjarasamninga aðila skulu hafa breytt reglugerðum til samræmis við ákvæði samnings þessa fyrir 1.7.1996.

Sinni sjóður ekki slíkum breytingum fyrir þau tímamörk, sem sett verða, skulu gilda um hann sömu ákvæði og tilgreind eru í niðurlagi 5. greinar.

#### *Samræmt tryggingafræðilegt mat*

Allir lífeyrissjóðir, sem starfa á samningssviði aðila skulu fara í tryggingafræðilegt mat samkvæmt eigin reglugerð miðað við ársuppgjör pr. 31.12.1996 í samræmi við ákvæði 4. greinar og skal því mati lokið fyrir 1.júlí 1997.

### **16.grein**

#### **Afgreiðsla samningsins og umboð miðstjórnar ASÍ**

Samningsaðilar eru sammála um að nauðsynlegt verði að endurskoða og aðlaga þetta samkomulag með reglulegu millibili með tilliti til reynslu og breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu. Til þess að auðvelda slíka aðlögun er miðstjórn ASÍ, í samráði við formenn landssambanda innan ASÍ, gefið umboð til þess að fjalla um og undirbúa slíkar breytingar, sem miðstjórn ASÍ tæki síðan til endanlegrar afgreiðslu fyrir hönd þeirra félaga innan ASÍ, sem aðild eiga að lífeyrissjóðum, sem undir þetta samkomulag falla.

Afgreiða skal kjarasamning þennan á lögformlegan hátt af hálfu einstakra félaga innan ASÍ og samtaka atvinnurekenda sem aðild eiga að samkomulaginu um lífeyrissjóði. Félög innan ASÍ, sem standa sameiginlega að rekstri lífeyrissjóða, skulu tengja afgreiðslu sína á þessum samningi saman í samræmi við hlutfallslegt vægi félagsmanna viðkomandi félags af heildarfjölda félagsmanna allra þeirra félaga, sem aðild eiga að viðkomandi lífeyrissjóði.

Hafi tilkynning um afgreiðslu samningsins ekki borist gagnaðila fyrir 1.febrúar 1996, skoðast hann samþykktur.

Reykjavík 12. desember 1995

Fh. Alþýðusambands Íslands  
með fyrirvara um samþykki félaga

*Guðmundur Guðmundsson*  
*Guðmundur Guðmundsson*  
*Guðmundur Guðmundsson*  
*Guðmundur Guðmundsson*  
*Guðmundur Guðmundsson*

Fh. Vinnuveitendasambands Íslands

*Ólafur B. Ólafsson*  
*Ólafur B. Ólafsson*